

Tilkynning


um auglýsingar uppboða sem sýslumenn halda

Frá og með 1. nóvember 2011 verður hætt að auglýsa í dagblöðum byrjun uppboða, sem sýslumenn halda á grundvelli laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, á fasteignum, skipum yfir 5 brúttótonn og skrásettum loftförum. Verða auglýsingarnar þess í stað birtar á vef sýslumanna á slóðinni www.naudungarsolur.is.

Er með þessari breytingu áformað að bæta aðgengi að þessum auglýsingum og ná fjárhagslegum sparnaði.

Enn um sinn verða birtar í dagblöðum auglýsingar um framhald uppboða (lokasölu) á fasteignum, skipum yfir 5 brúttótonn, skrásettum loftförum og um uppboð á lausafé og öðrum eignum og réttindum en að fram eru talin.

Bolungarvík, 14. október 2011.


E.u.
Jónas Guðmundsson,

sýslumaður í Bolungarvík
og verkefnisstjóri fyrir breytt fyrirkomulag auglýsinga uppboða
sem sýslumenn halda



Sent:

Fjölmíðlar,
Bankar og sparisjóðir,
Íbúðalánasjóður,
innheimtumenn ríkissjóðs,
Landssamtök lífeyrissjóða,
Lögmannafélag Íslands,
Samtök fjármálafyrirtækja.